



Uppgjör 4F og 12M 2024



6. febrúar 2025

Ásta S. Fjeldsted
Magnús Kr. Ingason



- **Hápunktar fjórðungsins og ársins**

- Í brennidepli – Yrkir

- Uppgjör 4F og 12M 2024

- Staða og horfur


Helstu niðurstöður á 4F 2024

Vörusala

41,9 ma.kr.

+19,0% milli ára

50 ma.kr.




Framlegð af vörusölu

24,5%

+1,5 p.p. milli ára

30%




Laun/Framlegð af vörusölu

50,7%

+1,9 p.p. milli ára

60%




EBITDA

2.957 m.kr.

-6,1% milli ára

3,750 m.kr.




EBITDA/Framlegð af vörusölu

28,8%

-10,0 p.p. milli ára

50%




Handbært fé frá rekstri

809 m.kr.

-58,2% milli ára


2,500 m.kr.



Helstu atriði uppgjörs

- Rekstur fjórðungsins gekk vel og var niðurstaðan í takt við áætlanir stjórnenda.
- Rekstrarstærðir litast áfram af innkomu Lyfju frá 1. júlí 2024 og skekkja samanburð milli ára.
- Vörusala fjórðungsins jókst um 19,0% og framlegð af vörusölu um 26,6%.
- EBITDA fjórðungsins lækkar um 6,1% milli ára en stjórnvaldssekt að upphæð 750 millj.kr. litar afkomu fjórðungsins.
- Mikill fókus áfram á framlegð, hagræðingu í rekstri og lækkun kostnaðar ásamt áframhaldandi vinnu í samlegðartækifærum þvert á félög samstæðunnar.

Fjöldi viðskiptavina og sala á fjórða ársfjórðungi eykst milli ára




*2024 inniheldur Lyfju




Aukning í innlendri og erlendri kortaveltu

2023 2024



Innlend kortavelta*




Erlend kortavelta*


*2024 inniheldur Lyfju



Ánægjuleg þróun í beinni kolefnislosun og flokkun úrgangs



Bein losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi



Flokkunarhlutfall úrgangs



Sátt gerð við SKE sem fól í sér viðurkenningu brota á sátt og greiðslu sektar að upphæð 750 m.kr.



- **Í tengslum við samruna N1 hf. og Festi hf. var gerð sátt við Samkeppniseftirlitið í júlí 2018 sem fól í sér margvísleg skilyrði sem ætluð voru til að afstýra samkeppnishömlum vegna samrunans. Samkeppniseftirlitið hafði haft til rannsóknar möguleg brot Festi á sáttinni frá desember 2020 þegar tilkynnt var um upphaf rannsóknar.**
- **Í lok nóvember 2024 gerðu Festi hf. og Samkeppniseftirlitið með sér sátt þar sem viðurkennt var að brotið hefði verið gegn tilteknum ákvæðum sáttarinnar og tímanlegri upplýsingagjöf samkvæmt samkeppnislögum. Festi hf. var gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 750 m.kr.**
- Undirritun sáttar Festi hf. við Samkeppniseftirlitið fól í sér **endanlega niðurstöðu málsins** og var það mat félagsins að rétt væri að ljúka málinu með þessum hætti og horfa fram á veginn.

Við drögum lærdóm af málinu.



ELKO: Hápunktar á 4F



Svartur fössari slær öll met

- Frábær fjórðungur þar sem met voru sett enn eina ferðina á tilboðsdögum.
- Svartur fössari rúmlega 22% stærri en í fyrra.



Vefverslun sífellt vinsælli

- Hlutfall vefverslunar af sölu verslana var 30,4% á 4F á móti 27,4% í fyrra.
- Sala í vefverslun fyrir allt árið 2024 jókst um 11,8% m.v. fyrra ár.



Áfram sótt á fyrirtækjamarkað

- Áfram áhersla á að auka sölu til fyrirtækja.
- Sala til fyrirtækja jókst um 3,8% á 4F milli ára en 6,2% m.v. fyrra ár þegar horft er á árið í heild.



ELKO Lindir veltuhæst

- Verslun ELKO í Lindum var veltuhæst allra 400 verslana Elkjop árið 2024.
- Fyrsta skipti sem sérleyfisverslun nær þeim árangri.



Ánægðustu viðskiptavinirnir

- ELKO í fyrsta sæti í Íslensku Ánægjuvuginni í fyrsta skipti.
- Jafnframt hlaut félagið viðurkenninguna **besta vörumerki mannauðs** hjá Brandr.

Krónan: Hápunktar á 4F



Sölumet í desember

- Desember söluhæsti mánuður frá upphafi.



Fleiri afgreiðslur og seld stykki

- Fjöldi afgreiðslna í verslunum jókst um rúmlega 4% á 4F milli ára en um 9% ef horft er á árið í heild m.v. fyrra ár.
- Fjöldi seldra stykkja jókst um 5,5% á 4F milli ára og 8% ef horft er á árið í heild m.v. fyrra ár.



Vöxtur Snjallverslunar

- Velta Snjallverslunar jókst um 30% á 4F milli ára.
- Á árinu bætti Krónan við sig nýu afhendingarstöðum á landsbyggðinni og þjónustar nú meirihluta Austfjarða, Norðurlands og Suðurlands. Fleiri staðsetningar í bígerð.



Skannað og skundað í sókn

- Á árinu 2024 jókst notkun á skannað og skundað um 35% m.v. fyrra ár.



Ánægðustu viðskiptavinirnir

- Krónan hlaut Íslensku ánægjuvogina 8. árið í röð með marktækum mun og bætingu milli ára.

Lyfja: Hápunktar á 4F



Lyfju appið í stöðugum vexti

- **Metfjórðungur í veltu í Lyfju appinu frá upphafi.**
- Magnsala í heilsu- og hjúkrunarvörum eykst um 5% á milli ára í gegnum appið í kjölfar endurhönnunar.
- **Notendum heldur áfram að fjölga, um tæp 40% frá fyrra ári.**



Viðskiptavinir og vitund

- Meðmælaskor Lyfju hækkar frá -18,4 2023 yfir í -1 fyrir árið 2024.
- Þeim sem versla oftast í Lyfju fjölgar úr 43% í 45% á milli ára
- Lyfja Heyrn. Hækkar um 58% milli ársfjórðunga í viðhorfsmælingum „fyrsta val á heyrnartækjamarkaði“,



Hreinar vörur vinsælar

- Viðskiptavinir hafa tekið vel í Hreinar vörur, sem eru vörur lausar við skaðleg innihaldsefni.
- **Sölumagnsaukning** milli ára var **25%** á vörum með slíka vottun.



Meira en apótek

- Lyfju vinnur að stefnumarkandi verkefnum í takt við sína vegferð, að vera meira en apótek.
- Félagið sér **mikil tækifæri í að koma sterkar inn í fyrsta stigs heilbrigðisþjónustu** og byggja á sínum faglega grunni.



Lykilstjórnendur

- **Skrifstofa Lyfju flutti á Dalveg í nóvember.**
- **Stjórnendateymi Lyfju fullmannað** með þremur nýjum forstöðumönnum; mannauðs og menningar, vörusviðs og greininga, og markaðsmála.
- Einnig var **Katrín Ýr Magnúsdóttir ráðin framkvæmdastjóri Heilsu.**

N1: Hápunktar á 4F



Nýir lykilstjórnendur

- **Magnús Hafliðason** ráðinn framkvæmdastjóri N1 og hefur störf í mánuðinum.
- **Reynir Leósson** tók um leið við sem aðstoðarframkvæmdastjóri.



N1 Skógarseli lokað

- Þjónustustöð N1 Skógarseli lokað sem hluta af samkomulagi við Reykjavíkurborg
- Á lóðinni mun rísa íbúabyggð sem Yrkir vinnur að í samstarfi við borgina.



Uppbygging á Akranesi

- Samkomulag við Akraneskaupstað um **uppbyggingu fjölorkustöðvar** ásamt **verkstæði, þjónustustöð og bílapvotti** á nýrri lóð við Elínarveg 3.
- Eldri þjónustustöð og verkstæði N1 á Akranesi loka að framkvæmdum loknum.



Vöxtur í bílapjónustu

- **Bílapjónusta N1** hefur vaxið ár frá ári
- **Október stærsti einstaki mánuðurinn í sögu bílapjónustunnar.**



Skerpt á áherslum þjónustustöðva

- Unnið er að því að **skerpa á þjónustuframboði og ásýnd þjónustustöðva N1**
- Markmiðið að hvert stopp á N1 nýtist okkar viðskiptavinum sem best.

Festi 2024: Horft yfir árið



Fjárhagslegur vöxtur

- Stöðugur vöxtur bæði í tekjum og EBITDA
- Afkomuspá hækkuð



Snjallar lausnir

- Áhersla á að nýta stafræna þróun til að einfalda líf viðskiptavina og ná til stærri hóps
- Vöxtur í net- og appsölu heilt yfir hjá félögum samstæðunnar



Stoðir styrktar

- Framkvæmdastjóri Bakkans vöruhótelstók til starfa
- Yrkir eignir endurmarkað utan um fasteignasafn samstæðunnar



Framfarir í sjálfbærni

- Tvöföld mikilvægisgreining framkvæmd hjá samstæðunni
- Skerpt á áherslum



Kaupréttarkerfi

- Kaupréttarkerfi innleitt fyrir allt starfsfólk samstæðunnar



Sameining við Lyfju

- Sátt gerð við Samkeppniseftirlitið um kaup á Lyfju en endanlegt kaupverð var 5 ma.kr.í reiðufé og 10m hlutir í Festi
- Sameining félaganna hefur gengið skv. áætlun og samlegðaráhrifa byrjað að gæta á mörgum sviðum starfseminnar.





- Hápunktar fjórðungsins og ársins
- **Í brennidepli - Yrkir**
- Uppgjör 4F og 12M 2024
- Staða og horfur,

Eitt og eitt félag í brennidepli á fjárfestakynningum Festi – Óðinn Árnason, framkvæmdastjóri, kynnir Yrki



Hlutdeildarfélög

BAKKINN
vöruhótel

Bakkinn rekur tvö vöruhús, í Skarfa-görðum og Kletta-görðum, sem sér-hæfa sig í vöruhýs-ingu, þökkun, vöru-merkingu, afgreiðslu og dreifingu á vörum fyrir viðskiptavinum.

ELKO

ELKO er stærsta raf-tækjaverslun lands-ins með fimm versl-anir ásamt einni stærstu vefverslun landsins.

KRÓNAN

Krónan er lágvöruverðsverslun sem rekur 26 verslanir um land allt auk Snjallverslunar.

LYFJA

Lyfja starfrækir 44 apótek og útibú allan hringinn í kringum landið auk vefverslunar og apps.

N1

N1 rekur 29 þjónustustöðvar og 68 eldsneytis-afgreiðslur um land allt ásamt bílaþjónustu og verslunum.

Yrki

Yrki er fasteignafélag Festi og rekur og þróar eignir og lóðir í eignasafninu. Tæpir 100 þúsund fermetrar af atvinnuhúsnæði í eigu eða rekstri félagsins.

**ICELANDIC
FOOD
COMPANY**

VÍNPORTIÐ

HEILSA

Heilsuhúsið

**ÍSEY
SKYR**



EAK ehf.

ebk ehf.

dropp

**MALIK
SUPPLY**

yrkir 



◆ Yrkir eignir

Sérhæfir sig í uppbyggingu, eignaumsýslu og þróun auk þess að sinna öryggismálum.

Félagið fékk nafnið Yrkir eignir í mars 2024 þegar ákveðið var að draga skýrar fram hlutverk og tækifæri fasteignafélagsins sem sjálfstæðrar rekstrareiningar.


Allur fasteignarekstur samstæðunnar fer í gegnum Yrki en félagið á hluta fasteignanna í rekstri og sinnir umsýslu annarra fasteigna í samstæðu Festi.

Aukin áhersla á þróunarverkefni, hvort sem horft er til þróunar á lóðum til breyttrar nýtingar eða uppbyggingarverkefna.





♦ Fasteignir landið um kring



14

starfsmenn í framkvæmda- og öryggisdeild

102

staðsetningar í eignasafninu

93.000

fermetrar af fasteignum í rekstri félagsins

98%


fermetrar í nýtingu

3,4 ma.kr. EBITDA 2024

♦ Greining á eignasafni


Fjöldi eigna og lóða: 102

Festi 80 | Yrkir 19 | Krónan 3




Fjöldi fermetra: ~93.000

Festi 36.500 | Yrkir 55.500 | Krónan 500



Leigutekjur

milljónir kr.



♦ Fjöldi eigna og lóða

Flestar eignir samstæðunnar eru í þjónustuneti N1 um land allt.

Mestur fjöldi verslunarhúsnæðis er á höfuðborgarsvæðinu.

♦ Skipting fermetra

Stærstu eignirnar eru verslunarhúsnæði og vöruhús í eigu samstæðunnar.

Um 75% fermetra félagsins eru á höfuðborgarsvæðinu.

♦ Leigutekjur á fermetra

Leigutekjur í eignasafninu eru bæði í formi hefðbundinnar húsaleigu sem og aðstöðuleigu á lóð.

Um 80% leigutekna eru frá félögum í samstæðu Festi.



♦ Valdar eignir í eignasafni

Yrkir ✂



Skarfagarðar 2

15.640 m² | 2008

Yrkir ✂



Bíldshöfði 20 (50%)

14.841 m² | 1975


Yrkir ✂



Skógarlind 2

9.996 m² | 2008

FESTI



Klettagarðar 13

8.927 m² | 2008

Yrkir ✂



Fiskislóð 15-21

6.977 m² | 2008

Yrkir ✂



Flatahraun 13

2.634 m² | 2016

Yrkir ✂



Tryggvabraut 8

2.082 m² | 2022

Yrkir ✂



Klettagarðar 4

2.048 m² | 2011

Yrkir ✂



Akrabraut 1

1.460 m² | 2018

Yrkir ✂



Norðurhella 1

1.501 m² | 2020

Yrkir ✂



Flugvellir 27

1.369 m² | 2023

FESTI
Yrkir ✂



Aðrar 91 eignir

32.694 m² | 1931-2022



◆ Þróun í eignasafni Yrkis á árinu

Þróunarlóðir - Reykjavíkurborg

- Góður framgangur hefur verið á lóðum sem verið er að þróa undir breytta notkun.
- Festi áformar að ljúka skipulagsferli á þremur lóðum á árinu - Stóragerði 40, Skógarsel 10 og Ægisíðu 102 - sem eru samtals um 10.500 m² að lóðarstærð.
- Áætlað að um 105 íbúðir rísi á lóðunum auk nokkura atvinnurýma.

Þróunarlóðir - Landsbyggðin

- Nýr lóðaleigusamningur var gerður árið 2020 sem fól í sér stækkun á lóð Festi að Austurvegi 18 í Vík í Mýrdal. Til stendur að Festi ráðist í stækkun mannvirkja á lóðinni og að framkvæmdum ljúki 2027.
- Árið 2020 var undirritaður samningur við Akraneskaupstað um makaskipti lóða í sveitarfélaginu. Í samræmi við efni samkomulagsins hefur Festi fengið úthlutaða lóð við Elínarveg 3. Stefnt er að því að ný þjónustustöð N1 verði tekin til notkunar í lok árs 2026.

Ofangreint eru háð eðlilegum framgangi í skipulagsferlinu og að ekki komi upp ófyrirséð eða óviðráðanleg ytri atvik. Sömuleiðis gæti útlit fasteigna á myndum tekið breytingum.

Skógarsel
10



Stóragerði
40






- Hápunktar fjórðungsins og ársins
- Í brennidepli - Yrkir
- **Uppgjör 4F og 12M 2024**
- Staða og horfur

Ytri áhrifapættir 4F 2024


Verðbólga og vísitala launa (ársbreyting)

- ♦ **Launavísitala hækkaði 6,4% sl. 12 mán.** en hún mældist 1.027,8 í lok fjórðungsins samanborið við 966,3 í lok árs 2023.
- ♦ **Neysliverðsvísitalan hækkaði 5,4% sl. 12 mán.** en hún mældist 637,2 í lok fjórðungsins samanborið við 608,3 í lok árs 2023.




Stýrivextir Seðlabanka Íslands

- ♦ **Vaxtalækkunarferli hafið** og stóðu stýrivextir í 8,5% í lok fjórðungsins




Sveiflur í gengi eldsneytisverðs milli ára:

- ♦ **Gasolía hækkaði um 5,1% á 4F 2024** en lækkaði um 24,2% á sama fjórðungi árið áður. **Meðalverð** var 13,2% lægra milli ára.
- ♦ **Bensín hækkaði um 2,0% á 4F 2024** en lækkaði um 16,1% á sama fjórðungi árið áður. **Meðalverð** var 13,2% lægra milli ára.



Sveiflur í gengi USD/ISK og EUR/ISK á 4F 2024:

- ♦ **USD styrktist** um 2,8% gagnvart ISK; 4,7% munur á hæsta og lágsta gengi
- ♦ **EUR veiktist** um 4,4% gagnvart ISK; 4,7% munur á hæsta og lágsta gengi.




Rekstur 4. ársfjórðungs 2024


- ◆ **Tekjur af vöru- og þjónustusölu** jukust um 6,7 ma.kr. eða 19,0% á milli ára.
- ◆ **Framlegð af vörusölu** nam 10,3 ma.kr. Aukningin nam 2,2 ma.kr. eða 26,6% á milli ára.
- ◆ **Framlegðarstig** nam 24,5%, eins og í 3F 2024 en hækkar um 1,5 p.p. milli ára.
- ◆ **Laun og starfsmannakostnaður** nam 5,2 ma.kr., hækkan um 1,2 ma.kr. eða 31,6% milli ára.
- ◆ **Stöðugildin** voru 1.620 á fjórðungnum, aukning um 285 eða 21,3% á milli ára.
- ◆ **Annar rekstrarkostnaður** hækkar um 1,1 ma.kr. eða 65,9% milli ára en 20,3% án einkiptiskostnaðar.
- ◆ **EBITDA** nam 3,0 ma.kr. á fjórða ársfjórðungi 2024, lækkun um 0,2 ma.kr. eða 6,1% milli ára.
- ◆ **Hagnaður** nam 0,6 ma.kr. og **heildarafkoma** 3,0 ma.kr., hækkan um 2,0 ma. kr. milli ára.

Milljónir króna	4F 2024	4F 2023	Breyt.	% Breyt.
Tekjur af vöru- og þjónustusölu	41.946	35.235	6.711	19,0%
Framlegð af vörusölu	10.267	8.109	2.158	26,6%
Leigutekjur og aðrar rekstrartekjur	622	639	(18)	-2,7%
Laun og annar starfsmannakostnaður	(5.202)	(3.954)	(1.248)	31,6%
Annar rekstrarkostnaður	(2.731)	(1.646)	(1.085)	65,9%
EBITDA	2.957	3.148	(192)	-6,1%
Hagnaður tímabilsins	632	975	(343)	35,2%
Önnur heildarafkoma samtals	2.392	94	2.298	-
Heildarafkoma ársins	3.023	1.069	1.954	182,9%
Lykiltölur				
EBITDA/framlegð af vörusölu	28,8%	38,8%	-10,0 p.p.	-25,8%
Laun/framlegð af vörusölu	50,7%	48,8%	+1,9 p.p.	3,9%
Hagnaður á hlut	2,03	3,23	-1,20	-37,2%


Vörusala



Framlegð af vörusölu



EBITDA




Rekstur ársins 2024


- **Tekjur af vöru- og þjónustusölu** jukust um 18,2 ma.kr. eða 13,4% á milli ára.
- **Framlegð af vörusölu** nam 36,7 ma.kr. Aukningin nam 6,1 ma.kr. eða 19,7% á milli ára.
- **Framlegðarstig** nam 23,8% og hækkar um 1,3 p.p. milli ára.
- **Laun og starfsmannakostnaður** nam 18,4 ma.kr., hækkun um 3,0 ma.kr. eða 19,1% milli ára.
- **Stöðugildin** voru 1.533 á árinu, aukning um 181 eða 13,4% á milli ára.
- **EBITDA** nam 12,5 ma.kr. **á árinu 2024**, hækkun um 1,5 ma.kr. eða 13,6% milli ára.
- **Hagnaður ársins** nam 4,0 ma.kr. og heildarafkoma 6,4 ma.kr., hækkun um 3,0 ma. kr. milli ára.
- **Hagnaður á hlut** nam 13,13 kr. og arðsemi eiginfjár 10,5%.

Milljónir króna	12M 2024	12M 2023	Breyt.	% Breyt.
Tekjur af vöru- og þjónustusölu	154.463	136.251	18.211	13,4%
Framlegð af vörusölu	36.722	30.667	6.055	19,7%
Leigutekjur og aðrar rekstrartekjur	2.245	2.189	56	2,5%
Laun og annar starfsmannakostnaður	(18.385)	(15.440)	(2.945)	19,1%
Annar rekstrarkostnaður	(8.071)	(6.400)	(1.671)	26,1%
EBITDA	12.511	11.015	1.495	13,6%
Hagnaður tímabilsins	4.018	3.438	580	16,9%
Önnur heildarafkoma samtals	2.404	(10)	2.413	-
Heildarafkoma ársins	6.422	3.429	2.993	87,3%
Lykiltölur				
EBITDA/framlegð af vörusölu	34,1%	35,9%	-1,8 p.p.	-5,2%
Laun/framlegð af vörusölu	50,1%	50,3%	-0,3 p.p.	-0,6%
Hagnaður á hlut	13,13	11,31	1,82	16,1%


Vörusala



Framlegð af vörusölu




EBITDA



Framlegð af vörusölu á 4F


- ♦ **Aukin vörusala** í öllum vöruflokkum frá fyrra ári.
- ♦ **Framlegðarstig hækkar** í dagvörum og eldsneyti en lækkar í raftækjum og öðrum vörum.
- ♦ **Heildarframlegð** nam 10,3 ma.kr. og eykst um 26,6% frá fyrra ári.
- ♦ **Framlegðarhlutfallið á 4F 2024 var 24,5%**, eins og 3F 2024 en hækkar um 1,5 p.p. frá síðasta ári.
- ♦ **Framlegð af dagvöru í krónum** eykst um 13,6% frá fyrra ári, **eldsneyti og rafmagn** eykst um 51,7%, **raftæki** halda svipaðri framlegð milli ára og **aðrar vörur** hækka um 2,1% milli ára.

Framlegð af vörusölu




■ Framlegð - kr. — Framlegð - %


Dagvara




Eldsneyti og rafmagn




Raftæki



Lyfseðilsskyld lyf og lausasölulyf



Aðrar vörur og þjónusta




Laun og starfsmannakostnaður á 4F 2024


- ♦ **Laun og starfsmannakostnaður** nam 5,2 ma.kr. og hækkar um 1,2 ma.kr. eða 31,6% á milli ára.
- ♦ **Stöðugildum** fjölgar um 285 milli ára en 15 án Lyfju. Hækkun vegna stöðugilda án Lyfju nemur 42 m.kr.
- ♦ Hækkun vegna samningsbundinna launahækkana nemur 117 m.kr. milli ára.
- ♦ Hækkun milli ára nemur 6,5% án áhrifa aukningar í stöðugildum, starfslokasamningum og Lyfju.
- ♦ **Meðallaunakostnaður á stöðugildi** hækkar um 8,5% milli ára vegna áhrifa frá Lyfju.

Laun og starfsmannakostnaður 4F 2023	3.954
Stöðugildi - breyting	42
Samningsbundnar launahækkanir	117
Orlofsskuldbinding	46
Áhrif vegna Lyfju	949
Aðrar breytingar	94
Laun og starfsmannakostnaður 4F 2024	5.202

Laun og starfsmannakostnaður
Samanburður milli ára



Stöðugildi
Samanburður milli ára



ELKO - Helstu niðurstöður á 4F 2024



Raftækjaverslanir



Jafnvægisvugin 2024



Framúrskarandi
fyrirtæki 2024

- Tekjur 6,0 ma.kr., aukning um 528 m.kr. eða 9,6% á milli ára.
- Framlegðarstig lækkar um 1,2 p.p. frá síðasta ársfjórðungi og 0,2 p.p. milli ára.
- Lokun verslunar í Lindum í október hafði töluverð áhrif í fjórðungnum á framlegðarstig og afkomu.
- EBITDA nam 582 m.kr. sem er minnkun um 97 m.kr. eða 14,3% á milli ára.
- Hagnaður nam 302 m.kr. sem er lækkun um 58 m.kr. eða 16,0% milli ára.

	4F 2024	4F 2023	Breyting	%
Heildartekjur	6.035	5.507	528	9,6%
Heildargjöld	(5.453)	(4.827)	(626)	13,0%
EBITDA	582	679	(97)	-14,3%
EBITDA-hlutfall	9,6%	12,3%	-2,7 p.p.	-21,8%
EBIT	414	526	(113)	-21,4%
EBIT-hlutfall	6,9%	9,6%	-2,7 p.p.	-28,3%
Hagnaður	302	359	(58)	-16,0%



Krónan - Helstu niðurstöður á 4F 2024

KRÓNAN



27

Matvöruverslanir



Fyrsta verslunarkeðjan á Íslandi með svansvottun



8 ár

Ánægðustu viðskiptavinir á matvörumarkaði

- Tekjur 18,6 ma.kr., hækkun um 1,4 ma.kr. eða 8,3% á milli ára.
- Sami fjöldi verslana en nýir staðir opna í Snjallverslun milli ára.
- Framlegðarstig svipað milli ára.
- EBITDA 1.431 m.kr., sem er hækkun um 51 m.kr eða 3,7% á milli ára.
- Hagnaður nam 593 m.kr. sem er hækkun um 119 m.kr. eða 25,1% á milli ára.

	4F 2024	4F 2023	Breyting	%
Heildartekjur	18.580	17.151	1.429	8,3%
Heildargjöld	(17.149)	(15.771)	(1.379)	8,7%
EBITDA	1.431	1.380	51	3,7%
EBITDA-hlutfall	7,7%	8,0%	-0,3 p.p.	-4,3%
EBIT	767	692	75	10,9%
EBIT-hlutfall	4,1%	4,0%	+0,1 p.p.	2,3%
Hagnaður	593	474	119	25,1%



Lyfja - Helstu niðurstöður á 4F 2024



 44

Apótek og útibú



Jafnvægisvugin 2024



Framúrskarandi
fyrirtæki 2024

- Tekjur 4,4 ma.kr., aukning um 0,2 ma.kr. eða 4,3% á milli ára.
- EBITDA 369 m.kr. sem er minnkun um 26 m.kr. eða 6,5% á milli ára. Einskiptiskostnaður vegna samlegðar við Festi gjaldfærður á fjórðungnum.
- Afskrift yfirverðs 148 m.kr. (6 mánuðir) vegna kaupanna á Lyfju kemur inn á fjórðunginn.
- Tap nam 36 m.kr. sem er samdráttur um 187 m.kr. milli ára.
- Að teknu tillit til einskiptiskostnaðar og afskrifta þá er hagnaður fjórðungsins svipaður milli ára

	4F 2024	4F 2023	Breyting	%
Heildartekjur	4.423	4.239	184	4,3%
Heildargjöld	(4.054)	(3.844)	(210)	5,5%
EBITDA	369	395	(26)	-6,5%
EBITDA-hlutfall	8,3%	9,3%	-1,0 p.p.	-10,4%
EBIT	20	233	(213)	-91,2%
EBIT-hlutfall	0,5%	5,5%	-5,0 p.p.	-91,6%
Hagnaður	(36)	151	(187)	-124,0%



N1 - Helstu niðurstöður á 4F 2024



 **96**

Afgreiðslustaðir
eldsneytis

 **12**

Hjólbarða og
smurverkstæði

 **13**

Afgreiðslustaðir
rafhleðslu

- Tekjur námu 13,6 ma.kr., aukning um 0,2 ma.kr. milli ára.
- Sala eldsneytis og rafmagns eykst um 0,2 ma.kr. eða 2,3%. Salan nam 50,5 millj. lítrum sem er 14,5% aukning frá síðasta ári. Ágæt magnaukning var í flestum tegundum.
- Framlegð eldsneytis og rafmagns hækkar um 0,6 ma.kr. eða 51,7%.
- EBITDA nam 1.388 m.kr. sem er hækkun um 311 m.kr. eða 28,9% á milli ára.
- Hagnaður á fjórðungnum var 442 m.kr., og hækkar um 303 millj. kr á milli ára.

	4F 2024	4F 2023	Breyting	%
Heildartekjur	13.560	13.387	173	1,3%
Heildargjöld	(12.172)	(12.310)	138	-1,1%
EBITDA	1.388	1.077	311	28,9%
EBITDA-hlutfall	10,2%	8,0%	+2,2 p.p.	27,2%
EBIT	648	329	319	96,8%
EBIT-hlutfall	4,8%	2,5%	+2,3 p.p.	94,3%
Hagnaður	442	139	303	218,7%



Yrkir - Helstu niðurstöður á 4F 2024

 **82**

Fasteignir í eigu samstæðunnar

 **98%**

Húsnæðis í útleigu

 **90%**

Eigin not húsnæðis


- Allur fasteignarekstur samstæðunnar færður undir Yrki frá 1. janúar 2024 sem gera samanburð við sama tímabil í fyrra erfiðan.
- Tekjur 1,1 ma.kr., aukning um 0,6 ma.kr. eða 126,7% á milli ára.
- Hreinar rekstrartekjur fasteigna (NOI) 949 m.kr. en var 1.007 m.kr. fyrir alla samstæðuna á 4F 2023.
- Hlutfall húsnæðis í útleigu nemur 98% og stendur í stað milli ára.
- EBITDA nam 881 m.kr. og hagnaður fjórðungsins 19 m.kr.

	4F 2024	4F 2023	Breyting	%
Heildartekjur	1.093	482	611	126,7%
Heildargjöld	(212)	(111)	(101)	91,4%
EBITDA	881	371	510	137,2%
EBITDA-hlutfall	80,6%	77,0%	+3,6 p.p.	4,6%
EBIT	413	415	(2)	-0,6%
EBIT-hlutfall	37,8%	86,2%	-48,4 p.p.	-56,1%
Hagnaður	19	69	(49)	-72,0%


Efnahagsreikningur 31.12.2024

Milljónir króna	31.12.2024	31.12.2023	Breyt.	%
Viðskiptavild	18.367	14.842	3.525	23,7%
Aðrar óefnislegar eignir	8.197	4.260	3.937	92,4%
Rekstrarfjármunir	41.217	35.779	5.439	15,2%
Leigueignir	10.535	8.097	2.438	30,1%
Fjárfestingarfasteignir	7.012	6.647	365	5,5%
Eign í hlutdeildarfélögum	2.915	2.621	294	11,2%
Eign í öðrum félögum	14	14	0	0,0%
Langtímakröfur	35	145	(110)	-75,7%
Fastafjármunir alls	88.293	72.405	15.888	21,9%
Birgðir	14.118	13.557	561	4,1%
Viðskiptakröfur	7.168	5.985	1.183	19,8%
Aðrar skammtímakröfur	1.181	723	458	63,3%
Handbært fé	4.075	3.362	713	21,2%
Veltufjármunir alls	26.542	23.627	2.914	12,3%
Eignir samtals	114.835	96.032	18.803	19,6%

Veltufjárhlutfall



Veltuhraði birgða




- ♦ **Heildareignir hækka um 18,8 ma.kr. frá áramótum** þar af 11,7 m.kr. vegna eigna Lyfju.
- ♦ **Viðskiptavild hækkar um 3,5 ma.kr. vegna kaupanna á Lyfju** en bráðabirgðaútdeling viðskiptavildar hefur farið fram.
- ♦ **Rekstrarfjármunir hækka um 5,4 ma. kr.** en framkvæmt endurmat á fasteignum í árslok nam 3,0 ma. kr. til hækkunar.
- ♦ **Leigueignir hækka um 2,4 ma.kr.** að mestu vegna kaupanna á Lyfju.
- ♦ **Hækkun veltufjárliða, vörubirgða og viðskiptakrafna skýrist að mestu** vegna áhrifa frá Lyfju.
- ♦ **Handbært fé 4,1 ma.kr. í lok ársins** sem er 713 m.kr. hækkun frá áramótum.


Efnahagsreikningur 31.12.2024

Milljónir króna	31.12.2024	31.12.2023	Breyt.	%
Eigið fé	43.493	35.842	7.651	21,3%
Skuldir við lánastofnanir	29.340	26.681	2.659	10,0%
Leiguskuldir	10.001	7.793	2.208	28,3%
Tekjuskattskuldbinding	7.764	6.185	1.579	25,5%
Langtímaskuldir alls	47.105	40.659	6.446	15,9%
Skuldir við lánastofnanir	3.227	1.807	1.420	78,6%
Leiguskuldir	1.388	859	529	61,5%
Viðskiptaskuldir	11.787	9.760	2.027	20,8%
Aðrar skammtímaskuldir	7.834	7.104	730	10,3%
Skammtímaskuldir alls	24.236	19.531	4.706	24,1%
Skuldir og eigið fé alls	114.835	96.032	18.803	19,6%

Nettó vaxtaberandi skuldir



Nettó vaxtaberandi skuldir/EBITDA



- ♦ **Eigið fé hækkar um 7,7 ma. kr. á árinu.** Aukning hlutfjár nam 2,0 ma. kr. og endurmat fasteigna inn í eigið fé nam 2,4 ma. kr. **Eiginfjárhlutfallið nam 37,9%** í lok ársins.
- ♦ Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir **hækka um 2.757 m.kr.**, þar af viðskiptaskuldir um 2.027 m.kr. vegna áhrifa frá Lyfju.
- ♦ **Nettó vaxtaberandi skuldir** námu 39.880 m.kr. og **hækka um 6.103 m.kr. frá áramótum vegna áhrifa frá Lyfju.**
- ♦ Fjármagnsskipan samstæðunnar er í **takti við stefnu félagsins og vel innan marka lánaskilmála við lánastofnanir.**

Sjóðstreymi samstæðunnar á 4F 2024

- ♦ **Handbært fé frá rekstri nam 809 m.kr. og lækkar um 1.126 m.kr.** milli ára. Einskiptiskostnaður upp á 750 m.kr. sem kemur inn á fjórðunginn skýrir mismuninn að mestu.
- ♦ **Fjárfestingar námu 1.701 m.kr.** á 4F 2024, aukning um 280 m.kr. milli ára.
- ♦ **Afborganir af lánum og leiguskuldum námu 1.187 m.kr.**
- ♦ **Lækkun handbærs fjár á 4F 2024 nam 1.989 m.kr.**


Milljónir króna	4F 2024	4F 2023	Breyt.	%
Handbært fé í upphafi tímabils	6.064	4.232	1.833	43,3%
Handbært fé frá rekstri	809	1.935	(1.126)	-58,2%
Fjárfestingar	(1.701)	(1.421)	(280)	19,7%
Aðrar fjárfestingahreyfingar	115	108	7	6,1%
Viðskipti við hluthafa	0	(310)	310	-100,0%
Viðskipti við lánastofnanir	(1.187)	(1.143)	(45)	3,9%
Gengismunur af handbæru fé	(25)	(37)	12	-32,4%
Handbært fé í lok tímabils	4.075	3.364	711	21,1%



Sjóðstreymi samstæðunnar á 12M 2024

- **Handbært fé frá rekstri nam 9.053 m.kr. og lækkar um 361 m.kr. milli ára.**
- **Fjárfestingar námu 4.642 m.kr. á árinu, aukning um 627 m.kr. milli ára.**
- **Greiddur arður nam 904 m. kr. á árinu.**
- **Ný lán frá lánastofnunum námu 3.985 m.kr.**
- **Afborganir af lánnum og leiguskuldum námu 3.242 m.kr.**
- **Hækkun handbærs fjár frá áramótum nam 713 m.kr.**

Milljónir króna	12M 2024	12M 2023	Breyt.	%
Handbært fé í upphafi tímabils	3.362	2.112	1.250	59,2%
Handbært fé frá rekstri	9.053	9.414	(361)	-3,8%
Fjárfestingar	(4.642)	(4.015)	(627)	15,6%
Aðrar fjárfestingahreyfingar	(3.466)	619	(4.085)	-660,1%
Viðskipti við hluthafa	(904)	(2.046)	1.143	-55,8%
Viðskipti við lánastofnanir	744	(2.659)	3.403	-128,0%
Gengismunur af handbæru fé	(72)	(63)	(9)	15,1%
Handbært fé í lok tímabils	4.075	3.362	713	21,2%





- Hápunktar fjórðungsins og ársins
- Í brennidepli - Yrkir
- Uppgjör 4F og 12M 2024
- **Staða og horfur**

Markaðstengdar upplýsingar


Hluthafar (10 stærstu)	%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	12,4
Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild	11,0
Gildi - lífeyrissjóður	9,1
Brú Lífeyrissjóður starfs sveit	9,1
Stapi lífeyrissjóður	5,5
Almenni lífeyrissjóðurinn	4,7
Birta lífeyrissjóður	4,4
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	3,2
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	3,0
Brú R deild	2,8

Markaðsupplýsingar	31.12.2024	31.12.2023	Breyting
Útistandandi hlutir	311 m.	301 m.	3,3%
Verð í lok tímabils	284 kr.	205 kr.	38,5%
Markaðsvirði	88.396 m.kr.	61.757 m.kr.	43,1%
Velta 12m	36.098 m.kr.	22.781 m.kr.	58,5%
Fjöldi hluthafa	1.219	1.191	2,4%
Hagnaður á hlut (12M)	13,13	11,31	16,1%

Gengi hlutabréfa á Nasdaq OMX



Hagnaður á hlut sl. 12 mánuði (kr. á hlut)



Horfur fyrir árið 2025

Staða og horfur:

- ♦ Horfur í rekstri heilt yfir góðar haldist væntingar um lækkandi verðbólgu, stýrivexti og stöðugleika á vinnumarkaði.
- ♦ Félagið er að stækka og eflast. Samlegð sem hlýst af innkomu Lyfju er að skila sér sem og vöxtur í net- og appsölu þvert á öll félögin um land allt.
- ♦ Yfirhalning og uppbygging lykileininga heldur áfram: Bakkinn undirbýr breytingar og aðlögun á húsnæði til að styðja enn betur við systurfélög, Krónan í Vallakór fer í yfirhalningu í mánuðinum, N1 mun skerpa á þjónustu starfsstöðva sinna, o.fl.
- ♦ Sölufarlið á ODR heldur áfram og næstu skref með þróunarlóðir Yrkis verða tekin.
- ♦ Félagið er fjárhagslega sterkt og vel í stakk búið að takast á við frekari vöxt og tækifæri til að efla enn frekar afkomu félagsins.

Forsendur og áhætta:

- ♦ Áhrif stýrivaxtahækkana á hagkerfið í heild.
- ♦ Þróun verðbólgu og gengi íslensku krónunnar.
- ♦ Óvissa um fjölda ferðamanna til Íslands og ferðalög Íslendinga til útlanda.
- ♦ Áhrif stríðsátaka á vöruframboð og heimsmarkaðsverð hrávara.
- ♦ Þróun alþjóðamála og áhrif þeirra á millilandaviðskipti.

Afkomuspá og fjárfestingaspá Festi fyrir árið

- ♦ **EBITDA spá fyrir árið 2025** nemur **14.400 – 14.800 m.kr.**
- ♦ **CAPEX spá félagsins fyrir árið 2025** nemur **4.800 – 5.200 m.kr.**



Takk fyrir

◆ Fyrirvarar

- ◆ Allar upplýsingar í kynningunni byggja á heimildum sem Festi hf. telur áreiðanlegar við birtingu hennar, en ekki er hægt að tryggja að þær séu óskeikular.
- ◆ Allar upplýsingar í kynningunni eru í eigu Festi hf. Ekki er heimilt að afrita, breyta eða dreifa á nokkurn hátt upplýsingum úr kynningunni, hvorki að hluta til né í heild.
- ◆ Þessi kynning er aðeins ætluð til upplýsingagjafar en ekki sem hluti af eða grunnur að ákvarðanatöku viðtakenda. Viðtakendum ber ekki að túlka upplýsingar í kynningu þessari sem loforð eða leiðbeiningar. Festi hf. ber ekki að veita viðtakendum kynningar þessarar frekari upplýsingar um félagið eða gera breytingar eða leiðréttingar á henni ef upplýsingar sem liggja til grundvallar breytast.
- ◆ Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissupátta sem geta haft þau áhrif að raunverulegur árangur í framtíðinni verði umtalsvert frábrugðinn því sem greint er frá í þessari kynningu. Þar má nefna ytri þætti á borð við gengi gjaldmiðla, heimsmarkaðsverð á eldsneyti, framboð á fjármagni, gildistöku nýrra laga og áhrif eftirlitsaðila ásamt öðru.
- ◆ Festi hf. tekur fram að viðtakendur kynningarinnar eiga ekki að treysta á staðhæfingar í henni í framtíðinni þar sem þær eiga eingöngu við á útgáfudegi kynningarinnar. Allar yfirlýsingar um framtíðarhorfur félagsins eru fullgildar í heild sinni með tilliti til þessara fyrirvara.
- ◆ Með móttöku þessarar kynningar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn af framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.

